Óðalsbóndinn á Galtarvita

Hann er kominn vestur fjórða sumarið í röð til að sinna Galtarvita en hann tekur til þess frí frá starfi sínu við gerð og hönnun leikmynda fyrir sjónvarp og kvikmyndir. Undanfarin ár hefur hann t.d. unnið við hina ástsælu Spaugstofu. – Ólafur Jónasson, sem lengi framaf var búsettur á Ísafirði er í viðtali vikunnar.

– sjá bls. 10-12

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 3. júlí 2014 · 26. tbl. · 31. árg. ·Ókeypis eintak

Margir sýndu skemmtileg tilþrif á Stóra-púkamótinu

Þú færð

BYKO

vörurnar hjá okkur

SMIÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opið mánudaga til föstudaga 8-18

Opið laugardaga 10-14

Sími: 456-1300

Kíktu til okkar í Hafnarstræti 9 Ísafirði

Afgreiðslutími:

Virka daga 10:00-22:00

Lau & sun 11:00-22:00

SUBWAY

EINFÖLD REIKNIVÉL Á eBOX.IS

eBOX

auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

EIMSKIP

eBOX

Þórir Guðmundsson lögreglumaður, Hlynur Hafberg Snorrason yfirlögregluþjónn og Steinar Gunnarsson yfirhundaþjálfari hjá ríkislögreglustjóraembættinu með fíkniefnaleitarhundinn Tind.

Tindur þefar uppi fíkniefni

Fíkniefnaleitarhundur lögreglunnar á Vestfjörðum hefur staðið sig vel frá því að hann kom vestur núna í apríl, að sögn lögreglunnar. Hundurinn sem heitir Tindur hefur átt stóran þátt í að lögreglumenn hafa fundið og lagt hald á ólögleg fíkniefni. „Þeir sem meðhöndla fíkniefni í umdæminu mega búast við afskiptum lögreglu, en með tilkomu fíkniefnaleitarhunds hefur eftirlit verið hert til muna," segir lögreglan.

Þess má geta, að Tindur er sonur þess fíkniefnaleitarhunds sem áður var í þjónustu lögreglunnar á Vestfjörðum. Sá hundur bar heitið Dollar og hafði Jón Bjarni Geirsson aðalvarðstjóri yfirumsjón með þeim hundi.

Lögreglan hvetur alla þá sem búa yfir vitneskju um fíkniefnaumsýslu að hafa samband, annað hvort beint í síma lögreglunnar á Vestfjörðum, sem er 450 3730, eða í upplýsingasíma lögreglu, sem er 800 5005. Fullri nafnleynd er heitið þeim er upplýsingar veitir.

harpa@bb.is

Þeir fengu gullmerki Púkamótsins: Björn Helgason, Pétur Sigurðsson og Jens Kristmannsson.

Krókspúkar unnu Púkamótið og þrír menn heiðraðir

Það var hart barist á Púkamótinu sem fór fram á Ísafirði á föstudag og laugardag en lið Krókspúka stóð upp sem sigurvegari. Jóhann Króknes Torfason, yfirpúki Púkamótsins, segir mótið hafi gengið mjög vel í alla staði. „Þetta var meira en fjör, þetta var ógleymanleg stund. Nú er bara verið að leita að heilsunni. Menn eru útkeyrðir og göngustíll manna er ekki til fyrirmyndar eftir átökin," segir Jóhann. Auk þess sem sigurvegarar mótsins voru krýndir, þá voru útnefndir besti púkinn og prúðasti púkinn. Besti púkinn á Púkamótinu 2014 var Lúðvík Jóelsson og prúðasti púkinn Jónas Karl Þórhallsson.

Púkamótið í ár var 10. mótið sem hefur verið haldið og af því tilefni voru þrjár ísfirskar knattspyrnukempur heiðraðar með gullmerki Púkamótsins. Það voru þeir Pétur Sigurðsson, Jens Kristmannsson og Björn Helgason. Jóhann segir að púkarnir sem standa að Púkamótinu vilji með þessu þakka þeim fyrir framlag þeirra til knattspyrnunnar á Ísafirði um áratugaskeið. „Þeir eru sannir púkahöfðingjar allir þrír," segir hann.

smari@bb.is

LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is

ÍSLENSKA SÍA.IS LYF 69729 06/14

Lyfjafræðingur óskast til starfa við Pollinn

Lyfja hf. leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum lyfjafræðingi til starfa í verslun Lyfju á Ísafirði.

Um er að ræða spennandi starf og tækifæri fyrir metnaðarfullan lyfjafræðing. Í boði er krefjandi starf, skemmtilegur vinnustaður og gott vinnuumhverfi.

Starfs- og ábyrgðarsvið: Lyfjafræðingur annast afgreiðslu lyfseðla auk þess sem hann veitir viðskiptavinum og starfsfólki faglega ráðgjöf.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.

Hæfniskröfur: Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi. Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til 13. júlí 2014. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Umsóknir sendist á netfangið hallur@lyfja.is
Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, í síma 530-3800 eða hallur@lyfja.is

ENNEMM / SÍA / NM63392

Húsnæðislán

Fastir vextir til 5 ára á óverðtryggðum húsnæðislánum

Nýtt óverðtryggt húsnæðislán er álitlegur valkostur á lánamarkaði

Íslandsbanki býður nú hagstæð óverðtryggð lán fyrir húsnæðiskaupendur með föstum vöxtum til 5 ára. Engar verðbætur leggjast við höfuðstól lánsins og fyrir vikið hefst eignamyndun þín strax.

Kynntu þér húsnæðislán á islandsbanki.is eða hjá húsnæðislánaráðgjafa í næsta útibúi Íslandsbanka.

Fastir vextir gilda fyrstu 60 mánuðina frá útborgunardegi lánsins. Að þeim tíma liðnum ber að greiða breytilega vexti óverðtryggðra húsnæðislána (húsnæðislánavexti) eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma og birtir í vaxtatöflu Íslandsbanka hf. Breytilegir vextir taka á hverjum tíma m.a. mið af stýrivöxtum Seðlabanka Íslands og fjármögnunar- og rekstrarkostnaði bankans, þ.m.t. skattaálögum. Lántakandi þarf að greiða kostnað við greiðslumat, lántökugjald, skjalagerðargjald, þinglýsingargjald og, ef við á, kostnað við veðbanda- og lánayfirlit. Á www.islandsbanki.is getur þú reiknað árlega hlutfallstölu og heildarkostnað.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Inndjúpið

Frá Hestinum, rismiklu fjalli milli Seyðisfjarðar og Hestfjarðar, teygir smá undirlendi sig út í Djúpið, Folafótur. Varla kemur nokkrum manni, sem ber þetta landsvæði augum í dag, til hugar að á manntali 1910 hafi íbúafjöldinn þar verið 101. Árið 1940 voru átta eftir. Kreppuárin sögðu til sín; árabátarnir úreltust og Fótungar, sem svo voru kallaðir, leituðu í sjávarplássin við utanvert Djúp.

Nýverið lauk Ríkissjónvarpið sýningum á þáttum, í umsjá Þóru Arnórsdóttur, fréttamanns, um mannlíf í Djúpinu og þær miklu breytingar sem þar hafa orðið frá blómlegri byggð, allt frá landnámi, til dagsins í dag, þegar aðeins um tuttugu manns hefur þar vetursetu.

Í fáum orðum, góðir þættir, þar sem af nærgætni var fjallað um líf fólks, dagleg viðfangsefni þess; viðhorfin til hins liðna, harða lífsbaráttu kynslóð fram af kynslóð, í viðjum fámennis og einangrunar og síðast en ekki síst: hvers er að vænta? sem æði margir telja augljóst, horft er til þeirrar hnignunar, sem átt hefur sér stað. Vonin verður þó aldrei tekin frá einum né neinum.

Ása Ketilsdóttir, hefur búi á Laugalandi við Ísafjarðardúp yfir 50 ár. Hún sér ekki ástæðu til að ferðbúast úr Djúpinu, úr því sem komið er. Ása, sem er skáldmælt, kom til Hesteyrar fyrir nokkrum árum. Áhrifin af heimsókninni leyna sér ekki í kvæðinu Hesteyri, í ljóðabók hennar, Svo mjúkt er grasið: „Svo undarleg ganga um eyðibyggð / aðeins minningafans / um syni og dætur er sigldu brott / og sóttu til gjöfulla lands. /Að lokum varð ekki eftir neitt / nema örlítið blóm í krans.“

Kvíðinn leynir sér ekki. Hvað bíður Djúpsins? Hvað olli því, sem þegar er orðið? Þeim mörgu spurningum sem uppi eru verður eflaust aldrei svarað. Eitt er þó víst. Myndaserían skilur eftir sig mikinn vísdóm. Virðing fólksins fyrir náttúrunni, landinu, sem því var trúað fyrir er til eftirbreytni. Aðalsteinn á Strandseljum sagði, að þau ættu í raun ekki landið og þeim bæri að skila því til komandi kynslóða í ekki verra ásigkomulagi en það var, er við var tekið. Meðvitund fólksins, um gildi hvers og eins þeirra, fyrir hvert annað, er þörf áminning til okkar sem þjóðar.

Ljósið í Hagakoti er slokknað.

Það er skelfileg tilhugun ef margra alda blómlegrar byggðar í Inndjúpinu bíða sömu örlög og byggðarinnar á Hornströndum. Skortir ríkisvaldið þrek og þor til að horfast í augu við vandann?

Hornstrandir voru og eru afskekktur landshluti.

Djúpið er komið í þjóðbraut. Loksins!

Það er enginn að biðja um álver!

s.h.

Spurning vikunnar

Trúir þú að svokallaðir fljúgandi furðuhlutir (UFO) séu til?

Alls svöruðu 375.
Já sögðu 147 eða 39%
Nei sögðu 186 eða 50%
Veit ekki sögðu 42 eða 11%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Fjórir forvitnir yrðlingar stara á gestina.

Yrðlingar og túristar í störukeppni

Refurinn í friðlandinu á Hornströndum hefur verið friðaður í tuttugu ár. Óumdeildar afleiðingar friðunarinnar eru að refurinn er mun gæfari og mannblendnari þar en annars staðar. Þekkt er að tófur allt að því éti úr lófa fólks, sé þeim boðið upp á það.

Sjóferðir Hafsteins og Kidda Kidd-ýjar voru á dögunum í Hornvík með hóp ítalskra ferðamanna og upphófst þá þessi störukeppni yrðlinga og ítölsku ferðamannanna sem sjá má á myndunum.

smari@bb.is

Og gestirnir störðu á móti.

Minningarathöfn og vígsla minnismerkis

laugardaginn 5. júlí 2014 kl. 13:00

Minningarathöfn og vígsla minnismerksi um mesta sjóslys Íslandssögunnar er varð 5. júlí 1942 er skipalestin QP-13 sigldi inn í belti tundurdufla norður af Aðalvík á Vestfjörðum og sex skip fórust og með þeim um 240 manns fer fram neðst í Stigahlíð í Bolungarvík laugardaginn 5. júlí kl. 13:00.

Dagskrá verður sem hér segir:

- Setning .
- Blessunarorð - séra Ásta Ingibjörg Pétursdóttir.
- Þagnarstund.
- Fallbyssuskot - varðskipið Þór
- Fjöldasöngur - „Líknargjafinn þjáðra þjóða“ erindi 1 og 2 (textanum dreift)
- Fánar dregnir að húni
- Afhjúpun minnismerkis
- Blómsveigur lagður að minnismerkinu.
- Ávarp, forseti Alþingis - Einar K. Guðfinnsson og e.t.v. fleiri.
- Fjöldasöngur - „Líknargjafinn þjáðra þjóða“, erindi 3 og 4.
- Slit.

Allir velkomnir. Sjá nánar á Samgönguvefnum, www.samgongur.is

Samgöngufélagið

Coke 1,5 ltr. 1 Light -Classic -

EGILS **Pilsner** FLORIDANA **Heilsusafi**

Ariel þvottaefni: 38 þvottar

45 KR. HVER ÞVOTTUR

KJARNAFÆÐI **Frosnir Nautgripahamborgarar**

MS KÓKÓMJÓLK 6 FERNUR X 250ML

Kjarnafæði **Pólskar Pylsur**

Steiktur laukur 100G

OS HEIMILISOSTUR ***TILBOÐ***

Kaupfél. Skagfirðinga **Frosið heilt lambalæri** *FROSIÐ*

Kaupfélag Skagfirðinga **Frosið lambafillet**

Kaupfél. Skagf. **Lambalæri í sneiðum** *FROSIÐ*

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

Verð fyrir sjávarafurðir hækkar hratt

Verð sjávarafurða í erlendri mynt hefur stigið hratt á síðustu mánuðum og er nú komið nálægt því tímabundna hámarki sem það náði um áramótin 2011/2012. Þetta kemur fram í Hagsjá Landsbankans. Frá febrúar til apríl í vor hækkaði verðið um tæp 5% og þarf að leita allt aftur til október 2010 til að finna viðlíka hækkun á svo stuttu tímabili. Verðið í apríl var 11,6% hærra en meðalverðið frá 2006 til 2014. Verð á uppsjávarfiski hækkaði verulega frá febrúar til apríl, sem og verð á mjöli og lýsi. Þannig hefur verð á uppsjávarfiski hækkað um 13% milli febrúar og apríl og hefur ekki mælst hærra svo langt aftur sem tölurnar ná, eða til ársins 2006.

Mjög sterk leitni hefur verið til hækkunar allt síðan 2006 og hefur verðið hækkað um 170% frá janúar 2006. Mjög sambærilegar hækkanir hafa orðið á mjöli, en það hefur hækkað um 11,5%. Hækkanir á lýsi hafa hins vegar verið mun meiri eða 31% á sama tímabili. Verð á botnfiski hefur einnig hækkað á síðustu mánuðum en nokkuð minna en í uppsjávarfiski.

Verðbreytingar í botnfiski eru jafnan minni en í uppsjávarfiski. Verð á bæði ýsu og þorski hefur hækkað töluvert á sama tímabili. Verð á ferskum þorski og ýsu hefur hækkað á síðustu mánuðum en verð á ferskum steinbít lækkað. Í þjóðhagslegu tilliti skiptir verð á íslenskum sjávarafurðum verulega miklu máli enda um að ræða eina stærstu útflutningsstoð landsins. Lægra verð í erlendri mynt hefur í för með sér minni gjaldeyristekjur, sem aftur hefur áhrif á gengi krónunnar og fleiri þætti.

smari@bb.is

ÍSAFJARÐARBÆR

LAUST STARF Á FJÖLSKYLDUSVIÐI ÍSAFJARÐARBÆJAR, FORSTÖÐUMAÐUR Á HLÍF

Fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns á Hlíf og félagslegrar heimaþjónustu. Um er að ræða 100% starfshlutfall. Næsti yfirmaður er deildarstjóri á Fjölskyldusviði.

Launakjör eru samkvæmt samningum launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Ísafjarðarbæjar,www.isafjordur.is, eða hjá Sædísi Maríu Jónatansdóttur, deildarstjóra á Fjölskyldusviði, í síma 450-8000.

Til sölu hreinræktaðir brúnir labradorhvolpar

Ættarbók & heilsufarsskoðun

Mjög flottir foreldrar: Lab Adventure´s Milton Keynes og Höfðastrandar Gýla sem uppfylla rúmlega allar þær kröfur sem HRFÍ gerir um ræktun á þessari tegund.

Bæði hafa þau verið sýnd með góðum árangri, mjaðma- og olnbogamynduð og augnskoðuð.

Hvolparnir verða tilbúnir til afhendingar um miðjan júlí með ættbók frá HRFÍ, örmerktir og heilsufarsskoðaðir.

Þetta eru mjög efnilegir labradorar sem koma til með að henta frábærlega sem heimilisdýr, sýningardýr eða í veiðina.

Upplýsingar gefur Svavar síma: 822 5950

Sælkeri vikunnar er Hildur Sólmundsdóttir frá Þingeyri

Kartöfluhjúpað Lambafille og konfekt

Ég ætla að gefa uppskrift af rétti sem ég og mamma fundum einhvern daginn inn á lambakjöt.is og hann sló svona rækilega í gegn. Síðar meir hef ég svo prufað að gera hann sjálf og þar sem mér finnst ekkert skemmtilegra en að sleppa því að fara eftir uppskriftum og gera þær algjörlega að mínu þá ákvað ég að setja hér mína útgáfu af réttinum.

Kartöfluhjúpað lambafille

- með heimalöguðu klettasalatspestói(fyrir fjóra)

2 lambafille (hryggur)
6 stórar kartöflur (ég notaði grillkartöflur)
½ poki klettasalat (rucola)
1 búnt basilíkka
Lúka möndlur
Lúka furuhnetur
Lúka parmesan ostur
3-5 lauf hvítlaukur
Ca. ½ dl ólífuolía
Salt
Pipar

Pesto

Aðskiljið laufin af basilikkunni frá stilkunum. Skerið hvítlaukinn niður í litla bita, ca. 3-5 lauf (fer eftir smekk). Klettasalatið, basilikkan og ólífuolían sett saman í blender eða matvinnsluvél. Hvítlauknum, möndlunum, hnetunum og ostinum bætt útí ásamt salti og pipar eftir smekk.

Hér er svo aðal málið að smakka til og bæta útí því sem ykkur finnst vanta.

Aðferð

Setjið vel af olíu á heita pönnu, bætið við smá salti. Rífið skrældar kartöflurnar niður í strimla og kreistið úr safan og sterkjuna. Steikið kartöflurnar á pönnu (eins og pönnuköku) þangað til þær verða dökkar að neðan og haldast vel saman. Kartöfluhjúpurinn lagður á hreint viskustykki til þerris. Saltið og piprið eftir smekk. Einn hjúpur er í kringum ein og hálf kartafla.

Smyrjið góðu lagi af pestóinu innan á hjúpinn. Skerið hvert fillet í tvo hluta. Leggið lambið á hjúpinn og vefjið honum utan um bitann með viskastykkinu. Eldið svo í ofni við u.þ.b. 200°c í 2-3 mínútur. Takið kjötið út og látið standa í ca 5 mínútur og setjið svo aftur inn 3-5 mínútur. Heildar tími í ofninum er um 10 mínútur.

Gott að bera fram með fersku salati og ef til vill pönnusteiktu rótargrænmeti.

Hollir konfektmolar

Mér finnst nauðsynlegt að hafa desert uppskriftir innan ramma hollustunnar einfaldlega vegna þess að þá er alveg hægt að fá sér oftar án þess að fá samviskubit. Hér er frábær og einföld uppskrift af hollum konfektmolum með kaffinu eða bara til að eiga í frysti þegar mann langar í eitthvað sætt.

2dl kaldpressuð kókosolía
1dl agave síróp
1dl 100% hreint kakóduft
1-2 dl Herbalife Formula 1 súkkulaðibragð EÐA Rebuild Strength (hægt að hafa bara kakóið en prótein innihaldið eykst mikið með þessum)
1-2 dl saltaðar hnetur eða jafnvel hnetusmjör

Kókosolían brædd í potti eða skál í örbylgjuofni. Eftir að olían er bráðin mælið þið magnið og setjið í skál. Agave sírópi hrært út í olíuna. Kakóduftinu og Formúla 1 eða Strength hrært vel saman við. Hrærið svo hnetum útí ef við á.

Blandan er svo sett í klakaform og inn í frysti þar til molarnir eru orðnir harðir og hægt að taka þá úr forminu. Hægt væri að setja gróft sykurlaust hnetusmjör í hvern mola áður en þeir fara inn í frost og þá verða molarnir með fyllingu. Frábærir með kaffinu!

Ég skora á Salvöru Sæmundsdóttur vinkonu mína að vera næsti matgæðingur.

A Member of The Linde Group | AGA

AGA GAS ALLS STAÐAR

Ísafjörður: Þröstur Marzellíusson hf, s. 456 3349.
Súðavík: Búðin okkar, s. 456 5554.

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

Þú getur slakað á og upplifað öryggi við grillið með AGA gas.

Öryggi sem felst í notkun á gæðavörum AGA og góðri þjónustu þegar þú heimsækir umboðsmenn eða söluaðila til að fá áfyllingu á gashylkið.
Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað
eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

Líf og fjör í Raggagarði. Ljósm. raggagardur.com

Áhersla lögð á að klára sem mest í sumar

Stefnt er að því að klára framkvæmdir í Raggagarði í Súðavík fyrir 10 ára afmæli hans þann 8. ágúst á næsta ári, og að sögn Vilborgar Arnarsdóttur, frumkvöðuls að þessum skemmtigarði, eru þær langt komnar. Á afmælinu stendur til að opna útivistarsvæðið með formlegum hætti með veglegri fjölskylduhátíð í Raggagarði.

Mikil áhersla er lögð á að klára sem mest í sumar. „Í byrjun árs 2003 var ætlunin að smíða leiktækin úr rekavið og kostnaðurinn var áætlaður um sjö milljónir króna. Það fékkst hins vegar ekki leyfi hjá heilbrigðiseftirliti fyrir því og því var farið í að kaupa leiktæki. Síðan þá hefur Raggagarður verið í stöðugri þróun og nú er búið að framkvæma fyrir um 26 milljónir og stefnir í að heildarkostnaður verði um 30 milljónir. Sigurður Friðgeir Friðriksson hefur gert teikningu til leiðbeiningar um útivistarsvæðið, en það mun þróast eins og garðurinn allur hingað til," segir Vilborg.

Þá segir hún leikjasvæðið í garðinum nánast fullklárað en eftir sé smávægilegur frágangur við að ramma inn motturnar við róluna og einnig sé frágangur við inngang eftir. Gert er ráð fyrir körfu-rólu við innganginn á efra svæðinu og einhver smá leiktæki fyrir þau yngstu á neðra svæðinu sem hægt sé að bæta við í framtíðinni.

„Raggagarður á trédrumba sem ætlunin var að saga niður í sæti og setja niður í hring og smá grilli í miðjuna og eiga sætin að vera jafn mörg og sjávarþorpin á Vestfjörðum, með vísu eða ljóði um hvert og eitt aftan á hverjum staur," segir Vilborg. Hún biðlar til Strandamanna sem búa við sjóinn hvort þeir séu aflögufærir með nokkra rekaviðardrumba með rótum og tvær rótarhnyðjur til að setja upp í garðinum.

„Einnig ef einhverjir vestfirskir listamenn hafi áhuga á að eiga eitt listaverk eftir sig í Raggagarði, en það má vera listaverk gert úr rekaviði eða bara viði, járni og steinum," segir hún, og bendir að lokum á að næsti vinnudagur í Raggagarði verður núna á laugardag.

harpa@bb.is

Möguleikar í ferðaþjónustu

Vestfirðingum hefur fækkað á undanförnum áratugum og það svo um munar. Fækkun íbúa verður óhjákvæmilega til þess að skerða kosti þeirra sem eftir sitja. En við megum heldur ekki gleyma því að möguleikar til góðs mannlífs á Vestfjörðum eru fyrir hendi. Stundum komum við ekki auga á það sem getur orðið til bjargar. Í sjónvarpi allra landsmanna eins og það kýs stundum að kalla sig með röngu, því miður, hafa verið sýndir þættir um lífið í Ísafjarðardjúpi. Þeir sem muna Djúpið með iðandi mannlífi, mörgum bæjum, reglulegum siglingum með skipi sem reyndar var Fagranesið í þremur útgáfum, héraðsskóla í Reykjanesi og flugi þangað frá Ísafirði hljóta að velta vöngum yfir íbúaþróun liðinna ára. Landbúnaður hefur nánast lagst af í Ísafjarðardjúpi og leitum og réttum verður ekki komið á nema með utanðkomandi aðstoð við smalamennsku. Sóknarprestur situr ekki lengur í Ísafjarðardjúpi. Þó er snöggtum auðveldara að ferðast um á bifreið núna en fyrir fjörutíu árum. Brátt verða þrír áratugir frá því unnt var að komast akandi að vetrarlagi frá Vestfjörðum.

Samt lætur mannlífið utan þéttbýlisstaða hratt undan, því miður. En það er alltaf flötur á því að reyna að ná til ferðamanna og brýnasta verkefnið í þeim efnum er að ná til þeirra sem geta hugsað sér að koma til Vestfjarða, í Ísafjarðardjúp eða á aðra staði að vetrarlagi. Þar eru ýmsir möguleikar. Siglingar, skíðaferðir ásamt jeppa- og sleðaferðum er að mestu óplægður akur. Í þeim efnum gildir fyrst og fremst að fá hugmyndir og hrinda þeim í framkvæmd líkt og frumkvöðlar í skútusiglingum og skíðaferðum í Jökulfirði hafa gert á Ísafirði. Eitt þeirra atriða sem hlýtur að koma til skoðunar eru skipulagðar ferðir um Ísafjarðardjúp með blöndu ýmiss konar farartækja, bifreiða, skipa, stórra og smárra að vetrarlagi. Áður hefur verið bent á ríkulega sögu Vestfjarða og enginn deilir um þá staðreynd að náttúrufegurðin er einstök.

Þessa kosti þarf að nýta til þess að lengja ferðatímabil hvers árs með aukinni fjölbreytni. Það er mikill kostur hve auðvelt er að eiga viðkomustað í Reykjanesi eftir að nýr vegur var lagður. Heilsársnýting gamla skólans þar ásamt nálægð við sögustaði eins og Vatnsfjörð, náttúrperlu eins Drangajökul og ferðaþjónustuna í Heydal opnar mikla möguleika. En til þess þarf kjark tíma og fé sem hið opinbera, ríkið, gæti lánað fyrir milligöngu Byggðastofnunar. Hún hefur að vísu verið þekkt fyrir lánveitingar sem litlu hafa skilað til lengri tíma. En stöðugt fjölgar fólki sem menntað hefur sig í ferðaþjónustu og viðskiptum. Það er hluti af þeim ónýtta auði sem liggja kann í möguleikum Vestfjarða til að sækja fram í ferðaþjónustu. Það er brýnt.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

XYLITOL

WRIGLEY'S Extra

SUPERBERRIES flavoured
sugarfree gum

25 BITAR

NÝTT BRAGÐ

BORÐA DREKKA TYGGJA

FYRIR STERKAR OG HREINAR TENNUR

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Eyðir sumrunum í afskekktri náttúruparadís

Ísfirski kvikmyndagerðarmaðurinn Ólafur Jónasson festi um aldamótin kaup á einni afskekktustu náttúruparadís landsins, við Galtarvita í Keflavík í Súgandafirði. Á þeim fjórtán árum sem liðið hafa hefur Keflavíkin orðið að vinsælum áningarstað fyrir listamenn, erlenda sem innlenda, sem boðið er að dvelja þar og huga að list sinni eða fræðistörfum. Aðgengi er erfitt að litlu víkinni sem horfir móti opnu úthafi milli hamraborganna Galtar og Öskubaks og ekki hægt að komast nema að leggja í 4-6 tíma fjallgöngu eða fara sjóleiðina. Það er þó ekki að ástæðulausu að listamenn og ferðamenn leggja það glaðir á sig þar sem um einstaka náttúruperlu er að ræða.

Ólafur er nú kominn vestur fjórða sumarið í röð til að sinna Galtarvita en hann tekur til þess frí frá starfi sínu við gerð og hönnun leikmynda fyrir sjónvarp og kvikmyndir. Undanfarin ár hefur hann til að mynda unnið við gerð dægurmálaþáttarins ástsæla Spaugstofunnar.

Fyrsta nóttin undir björtum stjörnuhimni við opinn eld

Blaðamaður Bæjarins besta tók Ólaf á tal og byrjaði á því að spyrja hvernig það kom til að jörðin og byggingarnar í Keflavík komust í hans eigu.

„Árið 2000 sá ég auglýsingu í blaði einhvern tímann eftir vinnu og hugsaði með mér að það væri nú gaman að bjóða í jörðina ef maður ætti pening til þess. Ég ákvað í bríarí að koma með tilboð sem mér til mikillar furðu var tekið og ég fékk þetta fyrir verð sem ég réði við. Þá vissi ég ekkert um staðinn, ég vissi að þetta væri einhvers staðar bak við fjall nálægt Bolungarvík en hafði aldrei komið þangað. Ég vil eiginlega meina að vitinn hafi valið mig en ekki ég hann.

Ég hafði tíu daga eftir að tilboðinu var tekið til að kíkja á staðinn og gæti þá dregið boð mitt til baka ef mér litist ekki á það. Ég fékk félaga minn, Hermann Þorsteinsson sem á einmitt staðinn með mér í dag, til að skutla mér yfir á bát. Það var nú reyndar smá svaðilför þar sem þetta var í nóvember og frekar vont í sjóinn. Við lentum í útfallinu og erfitt var að lenda. Það tókst þó á endanum og Hemmi sigdi í burt og skildi mig eftir í fjörunni. Þá nótt svaf ég undir berum himni við opinn eld þar sem það var svo kalt í húsinu og ég kunni ekki á ljósavélina.

Það var mögnuð nótt, heiðskírt og logn, stjörnubjartur himinn, norðurljósin dönsuðu á himninum og ljósið blikkaði frá vitanum. Það var ekki aftur snúið eftir það. Ég féll fyrir staðnum og fór sáttur heim. Angaði nú reyndar eins og brennuvargur í fluginu heim eftir svefninn við eldinn, það leit svolítið út eins og ég hefði kveikt í frystihúsi og væri að flýja aftur í bæinn," segir Ólafur með glott á vör.

„Svo fékk ég nokkra félaga til að koma með mér í þetta verkefni, auk Hemma voru það Einar Þór Gunnlaugsson frá Hvilft, Guðmundur Konráðsson frá Flateyri og Benedikt Vagn Gunnarsson sem hætti svo reyndar seinna. Þeir hafa verið mér í þessu en ég hef þó verið mest á staðnum. Ég hef nokkrum sinnum fengið með mér sjálfboðaliða til að dytta að hinu og þessu. En það er fremur erfitt að standa að viðgerðum þar sem erfitt er að koma viðgerðarefni á staðinn. Þó þetta sé nú ekki löng sjóferð frá Suðureyri getur verið leiðinlegt í sjóinn og stundum hreinlega ekki fært á bát. Auk þess er fjaran ekki til þess fallin að hægt sé að standa í einhverjum stórflutningum."

Leyndarmál sem spyrst út

– Hvernig kom það til að þekktustu listamenn þjóðarinnar fóru að venja komur sínar í Keflavíkina?

„Ári eftir að ég keypti kom hljómsveitin Múm á staðinn og það voru þau fyrstu sem komu fyrir utan mig. Þau heyrðu af þessu í gegnum sameiginlegan kunningja, höfðu samband og ég græjaði þetta fyrir þau. Þá var ekki einu sinni rennandi vatn í húsinu. Þau voru í húsinu bróðurpart sumarsins, eða þar til ljósavélin bilaði. Síðan hafa þau komið annað hvert ár og í kjölfarið hafa aðrir listamenn komið. Í fyrra gáfu tónlistarmennirnir sem hafa verið reglulegir gestir út jólaplötu til styrktar uppbyggingu hússins.

Fyrir um fjórum árum ákvað ég að vera allt sumarið næstu árin. Þá voru tíu ár frá því að ég hafði eignast staðinn og bauð þeim listamönnum sem höfðu komið að taka þátt í afmælissýningu. Þó nokkuð margir þáðu boðið og þetta var mjög fín sýning.

Svo kom það til að ég fór í samstarf með tveimur vinkonum mínum sem reka fyrirtæki sem sér um skipulagningu viðburða sem kallast Sljím. Þær hafa skipulagt undanfarnar tvær opnanir auk opnunarinnar núna í júní. Í því felst að listamönnum er boðið að vera í húsinu og ýmist í kringum sumarsólstöður eða Jónsmessu opna sýningu eða vera með viðburð í tilefni sumaropnunar í tengslum við þau verk sem unnin hafa verið á staðnum. Sýningin markar opnun staðarins hverju sinni. Síðast var það Ragnar Kjartansson sem var með sýningu. Árið áður var það Hrafnkell Sigurðsson sem gerði fjögur útilistaverk. Í ár kemur það í hlut bandarískrar myndlistakonu að nafni Elizabeth Peyton að opna sumarið um sumarsólstöður."

Á þessar sýningar koma frá tíu til um tuttugu manns og hefur Ólafur notið liðsinnis slysavarnafélagsins á Suðureyri við að ferja fólkið yfir.

„Það er alltaf mjög mikill áhugi hjá fólki að koma. Margir hafa haft á orði að þeir þurfi að koma í heimsókn en fáir sem sem skila sér. Ég held að fólk mikli þetta fyrir sér, þetta er jú um þriggja klukkutíma ganga eða um hálftíma sjóferð. Áhuginn er þó víða til staðar, bæði hjá alls konar fólki og eins hafa ferðaskrifstofur verið að hafa samband.

En ég hef bara ekki verið í neinum rekstri og þetta er eiginlega bara leyndarmál sem fólk heyrir af. Fólk kemur þarna í mínu boði og hef viljað hafa það þannig. Ef ég færi út í rekstur og ráða fólk í vinnu yrði svo dýrt fyrir fólk að koma og þá væri það ekki á allra færi. Ég vil frekar hafa þetta opið fyrir alla en ekki bara einhverja elítu. Ég hef alltaf sagt að allir eru velkomnir. Þetta er alveg magnaður staður. Annars væri ég ekki búinn að vera standa í þessu öll þessi ár."

Sjálfskipaður vitavörður í Galtarvita

Aðspurður segist Ólafur ekki vita hvað framtíðin beri í skauti sér fyrir Galtarvita eins og staðan er í dag.

„Ég ætla endurmeta stöðuna í haust en eins og er veit ég ekki hvort ég verði þarna næsta sumar. Ég hef ekki verið með nein framtíðaráform um staðinn og ákvað heldur að leyfa því að þróast í þá átt sem það væri. Það virðist hafa þróast í þá átt að fólk úr hinum ýmsu skapandi geirum hefur verið að koma. Í raun er það mestmegnis sama fólkið sem er að koma aftur og aftur. Ég væri alveg til í að sjá meira af fólkinu hér fyrir vestan.

Rétt er að taka fram að ég keypti jörðina af ríkinu og sjálfur vitinn er enn í eigu þess. Ég er í raun bara sjálfskipaður vitavörður en vitinn er sjálfvirkur. Eftirlitsmenn koma á hverju sumri að vitja vitans og eru orðnir fínir kunningjar mínir en ég reyni að vera á staðnum þegar þeir eru.

Það þyrfti að fara í alls herjar viðgerð á húsinu og helst þyrfti að loka yfir eitt sumar og sinna því en það hefur bara ekki gefist tækifæri til þess. Það auðvitað kostar pening og er töluvert mál. Í gegnum árin er búið að gera margt en á móti kemur að ýmislegt hefur komið upp, eins og til dæmis það hafa fokið hjá mér þök og annað þvíumlíkt. Maður tekur tvö skref áfram og eitt skref afturbak á hverju ári. Í fyrra keypti ég mongólskt yurt-tjald sem var uppistandandi í fyrra og aftur í ár. Það hefur gefist vel og það væri gaman að vera með nokkur slík tjöld og leyfa fólki að búa í þeim en það þyrfti þá að smíða palla undir hvert og eitt. En eins og ég segi, þá á það svolítið eftir að ráðast hvernig framhaldið verður. Ég á von á einhverjum fastagestum í sumar en annars veit maður ekki hvernig þetta spilast og verður bara að bíða og sjá.

Ég fékk styrk frá Menningarráði Vestfjarða í hitteðfyrra til að gera viðskiptaáætlun sem nú er í vinnslu. Þegar því er lokið hefur maður skýrari mynd um hvað maður vill gera."

Álpaðist í kvikmyndagerð

Ólafur starfar sem kvikmyndargerðarmaður og vinnur við uppsetningu og hönnun leikmynda.

„Ég starfa að mestu við kvikmyndir og sjónvarp. Undanfarin fjögur ár hef ég til dæmis verið að vinna leikmyndina fyrir Spaugstofuna, eða frá því að þeir fluttust yfir á Stöð 2. Ég býst við að halda því áfram enda hentar það mér ágætlega. Ég vinn auðvitað ekkert á sumrin þar sem ég er þá að sinna Galtarvita sem er ekki gott því það er aðaltíminn í þessum bransa og maður missir oft af stórverkefnum eins og erlendum bíómyndum og auglýsingum. Til dæmis hef ég aðeins starfað við gerð auglýsinga og oftast koma þeir sem standa að þessum erlendu yfir sumartímann.

Ég hef aðeins unnið við leikhúsið og var með leikmyndina í jólaleikritinu um Skoppu og Skrítlu í Borgarleikhúsinu nú fyrir áramót. Ég hef þó verið svo lítið í leikhúsinu að þeir sem að því standa eru lítið farnir að átta sig á manni. Enda eru margir þar um hituna og erfitt að komast að. Ég væri alveg til í að vinna meira þar."

– Hvað varð til þess að þú valdir þessa starfsgrein?

„Ég nú eiginlega bara álpaðist út í það. Ég byrjaði í kvikmyndabransanum þegar vinkona mín sem var að vinna við kvikmyndina Hvít nótt, skólamynd Jóns Gústafssonar, bað mig um að koma með sér, sem endaði með því að ég fór líka að vinna við myndina. Mér fannst þetta strax skemmtileg vinna og eitthvað sem ég gæti hugsað mér að vinna meira við. Fyrstu árin gat maður þó ekki lifað af þessu þar sem maður fékk svo lítið að gera en síðan í kringum 1995 varð þetta að atvinnu."

Erfiðara að vinna við sjónvarp en kvikmyndir

– Er mikill munur á því að vinna við kvikmynd en sjónvarp?

„Það fer eftir því við hvað maður er að vinna. Ef maður væri að vinna við spjallþátt, þá felst í því

frekar lítil vinna. Í venjulegum sjónvarpsþætti hins vegar eru fleiri leikmyndir en í kvikmynd. Það spannar vanalega lengra tímabil og það eru fleiri karakterar, fleiri staðir og heimili o.s.frv. Fólk heldur oft að meiri vinna felist í gerð kvikmynda en sjónvarpssería en það er vanalega einmitt á hinn veginn. Í Spaugstofunni til dæmis eru margar leikmyndir í einum þætti eða ein fyrir hvert atriði, svo það geta verið 15-16 hverju sinni. Við reynum samt oft á tíðum að auðvelda okkur vinnuna með því að taka upp á stöðum sem eru tilbúnir. Það hefur gengið ágætlega og okkur mætur mikill skilningur og velvild um að fá að taka upp á hinum og þessum stöðum.

Spaugstofan er afskaplega vanmetinn sjónvarpsþáttur og fólk gerir sér ekki grein fyrir því hve mikil vinna liggur að baki einum þætti. Ég til dæmis er á hlaupum frá þriðjudögum til föstudaga og vinn í raun rúmlega fimm daga vinnuviku í þessa fjóra daga. Að einum svona þætti standa um einhverjir tugir fólks, fjöldinn fer eftir umfangi hvers þáttar, og leikmyndagengið er stærst. Við erum vanalega um fimm og svo hefur maður fullt af öðru fólki í sínu liði þegar á þarf að halda. Það þarf smiði og málara og vinnan felst mikið til í burði á húsgögnum og öðru fram og til baka.“

„Ísafjörður dafnar vel án mín“

Ólafur ólst upp á Ísafirði en fluttist þaðan snemma á tvítugsaldri. Hann hefur þó enn sterka tengingu vestur.

„Ég er fæddur í Reykjavík, en mamma, Þórdís Guðmundsdóttir, er Ísfirðingur og ég fluttist til Ísafjarðar sem ungbarn. Þar bjó ég þar til ég var orðinn 23 ára gamall þegar ég fluttist suður. Örfáum árum seinna var ég byrjaður í bíóbransanum en þangað til vann ég hin ýmsu störf.

Ég lærði hönnun en þó ekki leikmyndahönnun enda datt ég bara inn í það. Ég var reyndar ekki í leikmyndunum til að byrja með heldur bara í hinu og þessu en fann mig svo þarna um árið 2000. Ég lærði skipasmíði hjá Skipasmíðastöð Marzellíusar Bernharðssonar en hætti þar þegar samningi mínum lauk. Þá fór ég að gera eitt og annað eins og vinna við flugvöllinn, Sjallann og Krúsina.“

Það setur strik í reikninginn við sumarveruna við Galtarvita að Ólafur er núna kominn með stóra fjölskyldu.

„Það er ekki alveg eins og áður að maður geti farið þegar maður vill og verið eins lengi og maður vill. Við konan erum með þrjú börn og þau koma oft með að Galtarvita og finnst það æðislegt. Annars gæti þetta auðvitað ekki gengið, segir Ólafur og hlær. Svo býr dóttir mín úti í London svo þetta er ansi stór fjölskylda.

Ég kom nú ekki mikið vestur fyrst eftir að ég fluttist suður, en frá aldamótum hef ég auðvitað mikið komið og finnst alltaf gott að koma. Mamma og maðurinn hennar búa úti á Spáni og þau koma alltaf yfir sumartímann og svo býr Ágúst Atlason bróðir minn hér. Svo maður hefur mikla tengingu vestur. Maður býr hér oft yfir sumartímann og er á ættaróðalinu á Góustöðum milli þess sem maður fer að Galtarvita. Það virðist vera mikið um að vera og mér finnst frábært það sem fólk hefur verið að gera, eins og bæjarhátíðir eins og Aldrei fór ég suður. Ísafjörður virðist dafna vel án manns,“ segir hann hlæjandi.

Nánari upplýsingar um Galtarvita er að finna á facebooksíðunum Galtarviti Lighthouse og Galtarviti Keflavík.

– Thelma Hjaltadóttir.

„Spaugstofan er afskaplega vanmetinn sjónvarpsþáttur og fólk gerir sér ekki grein fyrir því hve mikil vinna liggur að baki einum þætti.“

Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa

Páls Hólm

Sérstakar þakkir fær starfsfólk bráðadeildar Sjúkrahússins á Ísafirði fyrir góða umönnun

Guðrún Rósinbergsdóttir, Elín Hólm, Rúnar Hólm, Ómar Hólm, tengdabörn og barnabörn

Gera ítarlega úttekt á auðlindum í ferðaþjónustu

Heimir G. Hansson, forstöðumaður Upplýsingamiðstöðar Vestfjarða, hefur verið tilnefndur af bæjarráði Ísafjarðarbæjar til að vera fulltrúi sveitarfélagsins í svæðisbundnum stýrihópi verkefnis um kortlagningu auðlinda í ferðaþjónustu á Íslandi. Verkefninu hefur verið ýtt úr vör af Ferðamálastofu í samvinnu við ráðgjafafyrirtækið Alta ehf. Verkefnið sem hér um ræðir er viðamikið og metnaðarfullt og lokaafurð þess er landfræðilegt upplýsingakerfi (LUK), sem er gagnagrunnur sem nýst getur hagsmunaaðilum við þróun og uppbyggingu í greininni.

„Til að grunnurinn verði skilvirkur og gagnsemi hans sem mest er nauðsynlegt að þær upplýsingar sem í hann eru skráðar séu réttar. Því leita forsvarsmenn verkefnisins til sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila um tilnefningu fulltrúa í svæðisbundna stýrihópa verkefnisins," segir í erindi Hrafnhildar Ýrar Víglundsdóttur, sérfræðings hjá Ferðamálastofu.

Hlutverk fulltrúanna er að fara yfir skráningu staða í hverju sveitarfélagi/landsvæði fyrir sig og meta þá staði meðal annars út frá aðgengi og aðdráttarafli. Matið er svo lagt til grundvallar við áframhaldandi vinnu verkefnisins.

Í réttum í Bolungarvík. Auðlind í ferðaþjónustu?

Fyrir sumarið 2011 hófst undirbúningur að þessu fjögurra ára verkefni, sem byggir á frumraun sem unnin var af ráðgjafateymi í Þingeyjarsýslum 2007 til 2008. Á grunni þeirrar reynslu er verið að gera ítarlega úttekt á auðlindum og innviðum ferðaþjónustu á landinu öllu í samvinnu við lykilhagsmunaaðila. Þessi úttekt snýr að náttúru- og menningargæðum í þágu ferðaþjónustu, þjónustu- og samgönguinnviðum og mannauði hvers svæðis.

Með hagnýtingu landfræðilegrar upplýsingatækni er ferðaþjónustu gert kleift að tjá hagsmuni sína með tækjum skipulags og landnýtingar hér á landi. Markmið heildarverkefnisins er að gera áætlanagerð í ferðaþjónustu mögulegt að fylgja markmiðum nýrra skipulagslaga um samþætta áætlanagerð, sem er grunnur landsskipulagsstefnu. Grundvöllur þess er þó gagnaöflun. Verkefnið snýst þannig um að hnitsetja valda áfangastaði og þjónustuveitendur og skrá í grunninn og hann síðan kynntur heimafólki myndrænt í röð rýnifunda.

Í viðtali við Rúv í byrjun maímánaðar sagði Elías Gunnarsson, settur ferðamálastjóri, að fyrsta útgáfa kortsins ætti að verða opinber fyrir árslok: „Í raun og veru er heildarkortlagning á ferðamannastöðum ekki til og það er heldur ekki til á einum stað hvar eru tækifæri til að byggja upp ferðaþjónustu. Og bara svona sem lítið dæmi, þá ætlum við að merkja inn eða erum að safna upplýsingum um til dæmis um hvar eru allar réttir á landinu, hvar eru fossar, hvar eru fuglaskoðunarstaðir og þess háttar." *harpa@bb.is*

Með stillilegt augnaráð en nokkuð skæður að bíta krakkana.

Grjótkrabbinn kominn á Ísafjörð

Krakkar sem á leikjanámskeiði siglingaklúbbsins Sæfara á Ísafirði lögðu út krabbagildrur í síðustu viku og reyndist aflinn annar en búist var við. „Þetta væri ekki í frásögu færandi nema að krabbarnir eru nýbúar á svæðinu, svokallaður grjótkrabbi," segir Torfi Einarsson hjá Sæfara. Kallaðir voru til sérfróðir menn frá Hafrannsóknastofnun og segir Torfi að þeir hafi staðfest að um grjótkrabba væri að ræða.

„Þeir eru með stillilegt augnaráð en nokkuð skæðir í að bíta krakkana og eru góðir til gangs en ganga svolítið á hlið eins og það sé farinn í þeim miðfjaðraboltinn," segir Torfi.

Grjótkrabbi er ættaður frá Nýfundnalandi. Hann er fremur stór, skjöldurinn getur orðið allt að 15 sentímetra breiður. Um miðjan tíunda áratuginn fannst fyrsti grjótkrabbinn á Íslandi en hann veiddist á Suðurnesjum. Talið er að lirfur grjótkrabbans hafi borist hingað með kjölfestuvatni skipa og hugsanlegt er að hann ógni vistkerfinu, þar sem hann er alæta.

Hjalti Karlsson, útibússtjóri Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði, segir að grjótkrabbinn sé hægt og rólega að fikra sig norður á bóginn. Hann hafi fundist í Dýrafirði og einnig hefur hann komið í rækjutroll í Ísafirði.

smari@bb.is

HRINGIÐAN
LIST | MENNING | DÆGURMÁL

Dagar Íslands

3. júlí 1954: Dregið var í fyrsta sinn í Happdrætti DAS. Aðalvinningurinn var Chevrolet fólksbifreið, en vinningar máttu vera bifreiðar, bátar og búnaðarvélar.

3. júlí 1986: Sjáflvirkt farsímakerfi var formlega tekið í notkun. Þá hafði verið komið upp þjónustistöðvum á svæðinu frá Vík í Mýrdal, vestur um til Vestfjarða.

4. júlí 1685: Halldór Finnbogason var brenndur á báli á Þingvöllum fyrir að snúa Faðirvorinu upp á andskotann. Þetta var síðasta galdrabrenna hér á landi.

5. júlí 1933: Hópflug Ítala. Sveit 24 flugvéla hafði viðdvöl í Reykjavík á leið frá Róm til Chicago. Balbo flugmálaráðherra Ítalíu var foringi sveitarinnar. Nákvæmlega hálfri öld síðar kom ítölsk flugsveit til að minnast þessa.

6. júlí 1987: Sænska rokkhljómsveitin Europe hélt tónleika í Laugardalshöll í Reykjavík. Á sjötta þúsund ungmenni sótti tónleikana.

7. júlí 1941: Bandaríkjaher kom til Íslands og annaðist vernd landsins til stríðsloka ásamt Bretum. Alþingi samþykkti herverndina tveimur dögum síðar. Erlendir hermenn á Íslandi munu flestir hafa orðið um 60 þúsund en landsmenn voru þá um 120 þúsund. Síðustu bandarísku hermennirnir fóru af landi brott í apríl 1947.

8. júlí 1951: Bjarg lenti á fólksflutningabifreið í Óshlíð, milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Í bifreiðinni voru þrátíu íþróttamenn, tveir biðu bana og tveir slösuðust mikið.

9. júlí 1940: Skýfall varð og hagl féll í Hrunamannahreppi. Lækir spilltust af aurburði.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Norðan- og norðaustan 8-15 m/s, hvassast V-til. Súld eða rigning, en skýjað með köflum og úrkomulítið SV-lands. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast á SV-landi

Horfur á laugardag og sunnudag:
Ákveðin norðanátt með rigningu, en yfirleitt þurrt S-lands. Hiti breytist lítið.

Krossgátan



1	2	3	4	5	6	7	8
Aðals-titill		Ílátið	Baks / Kvenfugl		Svikul / Stefna		Fiskar
Forfaðir / Ljósta / Geymsla							
Jón Steingr.		Mjakar Sk.st.	Klár / Risann Drakk		2	Málmur / Samteng.		
Slóð Gagna / Þýður							
	5	Baðar / Samhlj.					
Vakna / Meiri			7		R.vík / Afl	Samhlj. / Vera		Skömm
		Góma / Ísl. st.			Lækur / Korn		
Elskað / Merki		3		Blökk / Tórir			
	Samhlj.					Ýtir	
Tónn / Rólega		Hávaði / R.vík	1			Þöggun / Gæfur		
	Skóli / Laun			Stríði / Lélegan			8
Samhlj.		Aragrúi / Stafur Kall				Röð		Gefa upp sakir
Ekki niðri Lauftréð					6		
		Bragð / Klukka				Róta / Samhlj.	
Viður / Drabbar			Gortað	4			
		Sk.st.			Sólguð		

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
GARÐAPOKINN
240 lítra tunna á hjólum
Sími: 456 3710
gamarvest.is

Lausn á síðustu krossgátu

			Jón Steingr.		E		V		E	
				S	N	J	A	L	L	T
				E	D	E	N		Í	S
	H			S	T	U	N	G	U	S	Æ
S	Æ	S	T	J	A	R	N	A	M	A	N
	T	Á	S	A		Ó	A	R		B	⇧
	T		⇨	K	O	M	A	⇨	M	E	Đ
B	U	G	Đ	A		A	Đ	G	Á	T	
	⇩	V	A	L	S		S	E	T		Á
	A	A	⇦	I	K	K	E	⇦	U	N	S
A	Đ	T	A	K	J	Á	T	U	M		J
	⇩	E	F	A	Á	L	A	Đ		M	Á
R	Æ	M	U	R		I		R	A	U	S
	P	A	R	T	A	Đ	G	Æ	T	N	I
V	A	L		I	Đ		Æ	F	I	N	G
	⇩	A	N	N	A	R	S	⇨	N	A	G
	S	P	A	N	N	A		B	U	R	A

Sudoku þrautir

			3			1		2
				6	7			9
	6						7	
		7		1		9		
	1		6		9		8	
		3		8		7		
	7						5	
4			7	2				
2		8			4			

1	7		9		2			
9			7	5		8	2	
				6				
		2					4	
7				1				6
	5					9		
				3				
	3	9		2	8			1
			1		6		9	5

Bæjarráð fagnar flutningi Fiskistofu

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fagnar áformum um flutning Fiskistofu út á land. Í ályktun ráðsins segir að vonandi verði þetta til þess að fleiri stofnanir og verkefni á vegum hins opinbera verði flutt á landsbyggðina á næstum misserum. Ráðið bendir á að engin starfsemi Fiskistofu hafi verið á Ísafirði frá áramótum þrátt fyrir fyriráætlanir stjórnvalda að byggja upp starfsemina.

„Bæjarráð ítrekar mikilvægi þess að fjölga störfum Fiskistofu á Ísafirði og byggja enn frekar upp starfsemi Hafrannsóknastofnunar á Ísafirði vegna nálægðar við fiskimið og fiskeldi. Vestfirðir eru sá landshluti þar sem fólksfækkun hefur orðið hvað mest og er nauðsynlegt að grípa til alvöru byggðaaðgerða. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hvetur stjórnvöld til að horfa til Vestfjarða þegar flytja á störf út á land til að styrkja stoðir vestfirskrar byggðar," segir í ályktun ráðsins. *smari@bb.is*

smáar

Óska eftir skiptum á Austurvegi 12, sem er 50fm ásamt 12fm geymsluhúsnæði og minni eign. Uppl. í síma 571 5657.

Til sölu fellihýsi. Rockwood Ranger árg. 1999. Fortjald, nýr rafgeymir og gaskútur fylgja. Hýsið er til sýnis, uppsett hvenær sem áhugasömum hentar. Uppl. gefur Ásdís í síma 893-2715.

Palomino Yearling fellihýsi með fortjaldi til sölu árg. 2002. Skoðað til 2015. Tilboð. Uppl. í síma 865 0140.

Til leigu 3ja herb. íbúð í Túngötu 18. Uppl. í síma 8939742 eða á netfanginu arnar@imj.is

Þjónustuauglýsingar

MARKAÐSHELGIN
BOLUNGARVÍK

BOLUNGARVÍK
40 ára kaupstaðarafmæli
1974 -2014

3ja daga hátíðarhöld 3. - 5. júlí
hoppukastalar, skrúðganga, krakkafjör, brenna

Fimmtudaginn 3. júlí

40 ára
hátíðardagskráin
hefst í Félagsheimilinu
Húsið opnar 19:30

Ólafur Kristjánsson
fyrrverandi bæjarstjóri
rekur söguna eins
og honum er einum lagið.

Léttar óáfengar
veitingar í boði
Bolungarvíkurkaupstaðar
Frábærir tónleikar
Fram koma meðal annars:

Ragnheiður Gröndal,
Pálmi Gunnarsson,
Birgir Baldursson
og Guðmundur Pétursson

Föstudaginn 4. júlí

Golfmót á Syðridalsvelli
kl. 16:30
skráning á staðnum
verð kr. 1000.
Vegleg verðlaun!

Skrúðganga litanna
20:00 Skrúðganga litanna
-Litblindir velkomnir :)

Brenna og brekkusöngur
20:30 Brenna og
brekkusöngur
Hafdís Huld og
Alisdair Wright
halda uppi fjörinu í
gryfjunni við Hreggnasa

Laugardaginn 5. júlí

Krakkafótboltamót UMFB
5.-8. flokkur
Mæting í mótið kl. 8:30

Minningarathöfn og vígsla minnismerkis
kl. 13:00
um mesta sjóslys
Íslandssögunnar

Markaðstorgið opnar
kl. 13:15

Krakkaskemmtun
Við Félagsheimilið
kl.13:40 með Hafdísi Huld
kl. 14:40 með Siggu Beinteins

Söngkeppni Markaðshelgarinnar
kl. 15:30
Úrslit

Björgvin Halldórsson &
Rokkabillýbandið
Sigga Beinteins og Matti Matt
kl. 23:00
Dansleikur í Félagsheimili
Bolvíkinga

Grillvagn
Lambakjot.is
mætir á svæðið

Nánari upplýsingar á www.bolungarvik.is, vidburdir@bolungarvik.is
og á Facebook síðunni Markaðshelgin í Bolungarvík

SÖNGKEPPNI
MARKAÐSHELGARINNAR

Dómarar í söngkeppni:
Sigga Beinteins
Hafdís Huld
Tuuli Rähni